



Borgarráð

Framtíðarstaðsetning Borgarbókasafns/menningarmiðstöðvar í Árbæjarhverfi

Lagt er til að borgarráð samþykki að staðsetningarkostir Borgarbókasafnsins í Árbæ verði greindir. Þrír kostir að minnsta kosti verði greindir og skoðaðir út frá þörfum notenda safnsins í nútíð og framtíð.

Staðsetningakostirnir þrír sem lagt er til að greina eru; núverandi staðsetning eða nágrenni, umhverfi Árbæjartorgs, þ.m.t. sá kostur að byggt verði við Ársel og í þriðja lagi nálægð við Árbæjarlaug og uppbygging í tengslum við svæði Fylkis. Núverandi húsnæði er leiguhúsnæði og að mestu leyti á annarri hæð og uppsejjanlegt með ákveðnum fyrirvara.

Óskað er eftir að lagt verði mat á kostnað, bæði stofnkostnað og rekstur, þarfar notenda bókasafnsins, skipulags- sjónarmiða, sjónarmiða um þjónustupróun í borgarsamfélaginu, samstarfsmöguleika við nærliggjandi skóla, s.s. Árbæjarskóla, aðgengi íbúa og nemenda og samspil við aðra starfssemi í hverfinu. Til grundvallar liggi sýn á þróun bókasafnsins inn í framtíðina, hagkvæmni, þjónustustefnu borgarinnar, önnur sambærileg verkefni í öðrum borgarhlutum s.s. hönnunarsamkeppni um nýtt Grófarhús og menningarmiðstöðina Úlfarsárdal, hagsmuni hverfisins og notenda sem og leiðarljós Græna plansins um góða nýtingu fjármuna og samnýtingu húsnæðis.

Fulltrúar eignaskrifstofu, menningar- og ferðamálasviðs/Borgarbókasafns, íþrótt- og tómstundasviðs, skóla- og frístundasviðs og þjónustu- og nýsköpunarsviðs verði falið verkefnið og leitað verði samráðs, m.a. verði leitað eftir sjónarmiðum umhverfis- og skipulagssviðs, íbúaráðs og íbúasamtaka, Fylkis og stofnana sem málið og valkostirnir snerta.

Ítarefni*:

Bókasafnið er mikilvægt fyrir samfélagslega innviði og er eini opinberi staðurinn þar sem aðgengi er jafnt, opið og ókeypis fyrir alla þá fjölbreyttu samfélagshópa og einstaklinga sem búa í og koma til Reykjavíkur. Hefðbundin hönnun eldri bókasafna, þar sem bækurnar skipta mestu máli, á ekki við í dag. Í nýja bókasafninu er mikilvægast að hafa pláss fyrir fólk. Allir eru velkomnir og eiga að upplifa að þeir séu það. Fólk á að geta komið saman, verið eitt, leitað upplýsinga eða bara dvalið á safninu á sínum forsendum og notið jafns aðgengis að fjölbreyttu rými, upplifun og upplýsingum, óháð samfélagsstöðu, efnahag, kyni, heilsu eða þjóðerni.

Opið rými allra er yfirskrift stefnu Borgarbókasafnsins. Í stefnunni er lögð áherslu á að styrkja samfélagslega innviði og nýsköpun. Á bókasafninu er möguleiki á að tengja saman borgara og opinbera þjónustu á nýjan hátt og með mýkra viðmóti. Á safninu er hægt að þróa þátttökugáttir og samfélagsrými sem borgarbúa treysta. Bókasafnið er hlutlaus vettvangur samsköpunar þar



sem við þorum að hugsa hlutina upp á nýtt, getum brugðist skjótt við örum samfélagsbreytingum og þörfum borgarbúa í breyttum aðstæðum, sem kannski engan hefði órað fyrir.

Sérstaða bókasafnsins sem samfélagsrými og víðtækt hlutverk þess í samfélaginu er einstakt tækifæri fyrir borgina til þess að ná til íbúa í nærumhverfi á fjölbreyttan og skilvirkan hátt. Við getum gert opinbera þjónustu aðgengilegri og viðmótið mýkra þannig að það henti ólíkum markhópum með fjölbreyttar þarfir, sem margir hverjir sækja nú þegar í bókasafnið. Með nýrri og mýkri nálgun á opinberri þjónustu í bókasafni er einnig hægt að koma til móts við þarfir þeirra einstaklinga sem þurfa e.t.v. persónulegri þjónustu t.d fyrir jaðarhópa samfélagsins.

Notendamiðuð hönnun, skilvirkni og aðgengileg nærþjónusta eru þrjú af fjórum markmiðum þjónustustefnu Reykjavíkurborgar. Á næstu þremur árum er áætlað að allar umsóknir Reykjavíkurborgar verði orðnar stafrænar og aðgengilegar í gegnum Mínar síður og á vef Reykjavíkurborgar. Á bókasafninu getur verið snertiflötur þess stafræna og mannlega í þjónustuveitingu, þar sem stutt er við stafræna vegferð Reykjavíkurborgar með nærþjónustu af nýju tagi. Stafrænar þjónustulausnir í umhverfi bókasafna geta víkkað út þjónustuframboð og stuðning í opinberu rými þar sem bæði upplýsingar og þjónusta eru aðgengileg í nærumhverfi notenda

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

**Tekið úr forvalsgögnum fyrir hönnunarsamkeppni um nýtt Grófarhús, þessi texti gildir almennt um framtíðarhlutverk bókasafna í borginni.*